



Fundargerð

78. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 8. sept. 2017 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddsson

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Eva Lín Vilhjálmsdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Ása Richardsdóttir og G. Oddur Víðisson boðuðu forföll. Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson véku af fundi kl. 12:20.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Kynning á lokaskýrslu COWI um legu Borgarlínu / málsnr. 151007

Lilja G. Karlsdóttir samgönguverkfærðingur hjá Viaplan kynnr lokaskýrslu COWI – Borgarlina recommendations, screening report dags. september 2007. Skýrslan er framhald af áfangaskýrslu COWI – Recommended Borgarlina alignments, progress report, dags. maí 2017. Í loksskýrslu COWI hefur verið horft til þeirra ábendinga sem bárust við kynningu á vinnslutillögum. Greining COWI er lögð til grundvallar tillögu í tillögu að breytingu á svæðisskipulagi vegna Borgarlínu.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar fyrir greinagóða kynningu.

2. Þróun tillögu að breytingu á svæðisskipulagi vegna Borgarlínu, frá forkynningu ásamt umhverfismati og umferðarspá / málsnr. 1702003

Stefán Gunnar Thors og Hlynur Torfi Torfason hjá VSÓ greina frá þróun breytingartillögu svæðisskipulags vegna Borgarlínu og niðurstöður umhverfismats. Einnig er farið yfir megin niðurstöður nýrrar umferðarspár VSÓ sem nær til ársins 2030.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar fyrir greinagóða kynningu.

3. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins: Tillaga að breytingu vegna Borgarlínu / málsnr. 1702003

Lögð er fram tillaga að breyttu svæðisskipulagi vegna Borgarlínu ásamt umhverfisskýrslu.

Niðurstaða:

Með tilvísan í 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga samþykkir svæðisskipulagsnefnd að leggja til við aðildarsveitarfélögin að samþykkja að auglýsa tillöguna eftir athugun Skipulagsstofnunar.

4. Aðalskipulag Kópavogs: Furugrund 3, tillaga á vinnslustigi / málsnr. 1707004

Lögð er fram vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Um er að ræða breytta landnotkun á einni lóð í íbúðahverfi. Breytingin hefur ekki svæðisbundið vægi og er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd telur breytinguna ekki gefi tilefni til athugasemda nefndarinnar þar sem hún hefur ekki svæðisbundið vægi og er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

5. Aðalskipulag Kópavogs: Niðurfelling Kópavogsganga, tillaga á vinnslustigi / málsnr. 1604004

Lögð er fram vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Ástæða breytingar er að ekki er lengur talin þörf á Kópavogsgöngum í samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins, sbr. þær athuganir sem unnar voru í tengslum við gildandi svæðisskipulag.

Kópavogsgöng eru ekki hluti af skilgreindu stofnvegakerfi sem heyrir undir svæðisskipulag. Samkvæmt umferðarspá verður heildarakstur, þ.e. eknir km, á höfuðborgarsvæðinu nánast sá sami með og án Kópavogsganga og leiðastytting því nánast engin. Um mjög kostnaðarsama framkvæmd yrði um að ræða sem fælist í að bora göng undir íbúðabyggð og útbúa tengingar við umferðamestu stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu. Kópavogsgöng virðast því ekki þjóna því yfirlýsta markmiði að létta á umferð á stóru stofnbrautunum nema að takmörkuðu leyti.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við vinnslutillöguna. Gangagerð á þessu svæði skilar litlum sem engum ávinningi fyrir umferðarflæði innan höfuðborgarsvæðisins og eru mjög kostnaðarsamar.

6. Aðalskipulag Reykjavíkur: Niðurfelling Kópavogsganga, tillaga á vinnslustigi / málsnr. 1706003

Lögð er fram vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Kópavogsgöng eru ekki hluti af skilgreindu stofnvegakerfi sem heyrir undir svæðisskipulag. Samkvæmt umferðarspá verður heildarakstur, þ.e. eknir km, á höfuðborgarsvæðinu nánast sá sami með og án Kópavogsganga og leiðastytting því nánast engin. Um mjög kostnaðarsama framkvæmd yrði um að ræða sem fælist í að bora göng undir íbúðabyggð og útbúa tengingar við umferðamestu stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu. Kópavogsgöng virðast því ekki þjóna því yfirlýsta markmiði að létta á umferð á stóru stofnbrautunum nema að takmörkuðu leyti.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við vinnslutillöguna. Gangagerð á þessu svæði skilar litlum sem engum ávinningi fyrir umferðarflæði innan höfuðborgarsvæðisins og eru mjög kostnaðarsamar.

7. Aðalskipulag Reykjavíkur: Landnotkun í Gufunesi, verklýsing / málsnr. 1707003

Lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Um samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins segir í greinargerð:

„Gufunesið er skilgreint sem borgarbyggð, sbr. kort 2, bls. 31 í svæðisskipulaginu og liggur innan skilgreindra vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins. Gufunes fellur væntanlega undir flokkinn „annað þéttbýli“ sbr. tafla 1., bls. 34 en með bættum samgöngum, tilkomu Sundabrautar, gæti svæðið flokkast undir „samgöngumiðuð þróunarsvæði“. Fyrirhuguð breyting felur í sér þéttingu byggðar á vannýttu athafnasvæði, þar sem gert er ráð fyrir blöndu atvinnustarfsemi og íbúða og fellur þannig vel að almennum markmiðum svæðisskipulagsins um byggðapróun.“

Rétt er að benda á að skilgreingin samgöngumiðað þróunarsvæðið snertir ekki þróun stofnvegakerfisins heldur einungis þjónustustig almenningsgangna. Gufunes lendir utan áhrifasvæði Borgarlínu en getur náð skilgreiningu um samgöngumiðað þróunarsvæði verði þjónustustig almenningsgangna, Strætó, hátt þ.e.a.s. að íbúar hafi aðgang að stoppistöð sem er í göngufjarlægð og er með 10 eða fleiri brottfarir á klst. Eins og leiðarkerfi Strætó bs. er í dag gengur engin leið í Gufunes. Næstu stöðvar eru í um 800 m fjarlægð og er þjónustustig þeirra vel undir 10 stopp á klst.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að sbr. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins getur Gufunes ekki verið skilgreint sem samgöngumiðað þróunarsvæði nema að þjónustustig almenningsgangna verði stórbætt frá því sem það er í dag.

8. Aðalskipulag Mosfellsbæjar: Vatnsgeymir í Úlfarsfellshlíðum, tillaga á vinnslustigi / málsnr. 1703006

Lögð fram til umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Svæðisskipulagsnefnd fjallaði um verklýsingu á 75. fundi þann 7. apríl sl. Niðurstaða nefndarinnar var að skipulagsverkefnið hafði ekki svæðisbundið mikilvægi og væri í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og því gæfi breytingin ekki tilefni til athugasemda nefndarinnar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytinguna ekki gefa tilefni til athugasemda nefndarinnar þar sem hún hefur ekki svæðisbundið vægi og er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:00.